
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2005-03
Fundartími: Föstudagur 12. ágúst 2005 kl. 14:00-15:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Raforkuspá 2005-2030.
 - 2) Önnur mál.
-

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Þorkell Helgason/Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
Magnús Ásgeirsson
Magnús Magnússon
Eiríkur Bogason (fyrir Maíu Jónu og Sigurð)

Formaður raforkuhóps: Eymundur Sigurðsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

Fjarverandi: Benedikt Valsson
Haukur Ingibergsson
Árni Ragnarsson
Ólafur Pálsson

- 1) ES kynnti vinnu raforkuhóps við nýja raforkuspá og JV kynnt helstu forsendur og niðurstöður. JV benti á mikla aukningu í heimilisnotkun á undanförunum árum og benti EB á að vægi raforkureikninga í útgjöldum heimila hefði minnkað og því væri minna hugað að notkuninni. MÁ sagðist telja að notkun svartolíu mundi minnka mikið í fiskimjölsverksmiðjum á næstu 10 árum þar sem stöðugt yrði erfiðara að fá slíka olíu auk þess sem verð hefur hækkað. JV sagði að gert væri ráðfyrir að ein verksmiðja mundi bæstast við sem nýtti ótryggða raforku en á allra síðustu árum hafa verksmiðjur á Seyðisfirði, Eskifirði og í Vestmannaeyjum farið að nota ótryggða raforku.

Rætt var um kynningu á raforkuspánni og lagði ÞH til að haldin yrði ráðstefna um orkunotkun heimila í ljósi þeirrar umræðu sem var um aukna raforkunotkun heimila. JV lagði til að þá yrði einnig fjallað um eldsneytisnotkun heimila í ljósi þess að verið væri að endurreikna eldsneytisspána. Einnig var rætt um að vera með fréttamannafund og þar mætti þá einnig kynna þessa ráðstefnu. Ekki var talin þörf á að fjölfalda fleiri en 50 eintök af spánni þar sem hún yrði aðgengileg á PDF formi á heimasíðu nefndarinnar. ÞH mun athuga með kynningu og láta JV vita um útgáfu á spánni.

- 2) JV sagði að endurreikningur á eldsneytisspá væri vel á veg kominn en það vantaði ennþá gögn frá olúfélögunum um sölu eldsneytis. Hann sagðist hafa

farið á fund Helga Bjarnasonar og Hallgríms Snorrasonar fyrir sumarfrí og þar hefði verið ákveðið að taka saman bréf til félaganna og að Hallgrímur og JV færu eftir sumarfrí með þetta bréfa alla vega til þess félags sem ekki hefur viljað skila inn gögnum. MM sagðist hafa farið yfir bréfið og lægi það hjá Hallgrími.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 11. nóvember 2005 kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:30.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var á skjávarpa:

- Atriði varðandi vinnu raforkuhóps (ES)
- Kynning á forsendum og niðurstöðum raforkuspár, myndir (JV)